



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

19. EIGENDAFUNDUR SORPU BS.
SKRIFSTOFA SSH, HAMRABORG 9
MÁNUDAGINN 2. SEPTEMBER KL. 9:00

DAGSKRÁ

1. Forsendur fjárhagsáætlunar

Úr eigendastefnu SORPU bs. – kafli 5.2.5. Fjárhagsáætlun.

„Fyrir 15. ágúst ár hvert skal stjórn SORPU bs. leggja tillögu að meginforsendum fyrir fjárhagsáætlun fyrirtækisins fyrir eigendafund. Eigendafundur skal fyrir 1. september ljúka umfjöllun um tillöguna og samþykkja þær meginforsendur sem gilda eiga um fjárhagsáætlun fyrirtækisins næsta rekstrarár. Sama gildir um langtímaáætlanir fyrirtækisins. Stjórnin mótar síðan fjárhags- og starfsáætlun fyrirtækisins í samræmi við þær forsendur til umfjöllunar og afgreiðslu á eigendafundi.“

2. Endurskoðuð fjárfestaáætlun SORPU bs.

Framhald frá fundi eigendafundar 26. ágúst s.l.

Fyrir fundinum ligga fyrir eftirfarandi gögn:

1.0 - Greinagerð vegna breytinga á fjárfestingaáætlun.

1.1 - Sjóðstreymi 2017 – 2023

1.2 - Minnisblað fjármálastjóra SSH

Vísað er til greinagerðar/minnisblaðs framkvæmdastjóra Sorpu vegna breytinga á fjárfestingaáætlun SORPU bs. 2019-2023. Þá er vísað til fyrirbyggjandi sjóðsstreymisyfirlits en þar er búið að setja inn breytingar á fjárfestingum sem nauðsynlegt er að gera vegna breytinga á áætluðum kostnaði gas- og jarðgerðarstöðvar, stækkun móttökustöðvar sem og vegna tækja.

Séu áhrifin á fjárhagsáætlun tímabilsins 2019 – 2023 skoðuð eru þau með þeim hætti að fjárfestingahreyfingar hækka um 1.235 m. kr. og fjármögnunarhreyfingar um 1.272 m.kr.

Þá er lögð fram sú tillaga að óskað verðir eftir því við Íslandsbanka að lánstími áhvílandi láns (1.000 Mkr) verði aukinn úr 6 árum í 15 ár og að yfirdráttarlán hjá Íslandsbanka verði lengt um tvö ár (500Mkr.). Jafnframt að óskað verðir eftir nýju 990 Mkr láni hjá Lánaþjóði sveitarfélaga til 15. ára. Að venju þarf slík lántaka samþykkt eigenda. Með því móti eru eftir vikmörk á áætlun tryggð. Verði raunkostnaður lægri þegar framkvæmdum er lokið má greiða niður þau lán sem heimilt er að greiða niður.

Eigendavettvangur samþykkir að tillögu að breyttri fjárfestingaráætlun Sorpu bs 2019-2023 og tillögu að fjármögnun verði vísað til stjórnar Sorpu bs. og í framhaldi af því til formlegrar umfjöllunar sveitarfélaganna.

Fylgigögn:

Hluti 1:

Forsendur

Drög að rekstraráætlun fyrir endurvinnslustöðvar